

2003020031
6701; 9310; 6611

Vegagerðin
Helga Aðalgeirsdóttir
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Reykjavík, 24. mars 2003

**Efni: Norðausturvegur, Breiðavík - Bangastaðir, Tjörneshreppi og Kelduneshreppi.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 13. febrúar 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um framkvæmdir við Norðausturveg milli Breiðuvíkur og Bangastaða samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kelduneshrepps, Tjörneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Kelduneshreppi með bréfi dags. 18. mars 2003, Tjörneshreppi með bréfi dags. 19. mars 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 3. mars 2003, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 25. febrúar 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. mars 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 5. og 19. mars 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Vegagerðin áformar að endurbyggja og leggja bundið slitlag á 11,7 km langan kafla á Norðausturvegi, nr. 85, milli Breiðuvíkur í Tjörneshreppi og Bangastaða Kelduneshreppi. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur um nyrsta hluta Tjörness. Kaflinn milli Breiðuvíkur og Bangastaða er síðasti kaflinn á Tjörnesi sem eftir er að endurbyggja. Miðað hefur verið við að vegurinn fylgi núverandi vegi þar sem hægt er, til að raska landi sem minnst. Víða þarf þó að færa veginn til vegna slæmrar legu og krappa beygja. Vegurinn verður af vegflokki C1 (7,5m) og er ætlað að vera snjóléttari en núverandi vegur, með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 90 km/klst hámarkshraða.

Framkvæmdasvæði verður mjög mismunandi breitt eftir því hvort vegurinn verður lagður á fyllingu eða hvort um vegskeringu verður að ræða. Þar sem vegur verði lagður ofan á veginn sem er fyrir verður framkvæmdasvæðið yfirleitt 15-20 m breitt. Í stærstu vegskeringunni í Bratta mun framkvæmdasvæðið verða 110 m breitt.

Miðlína nýs vegar mun liggja mest í 260 m fjarlægð frá miðlínu núverandi vegar við Hvaltjarnarhús. Á 8,2 af 11,7 km verður veglínan innan vegsvæðis núverandi vegar, sem nær 30 m frá miðlínu vegar til hvorrar handar. Nokkur umferð er á Norðausturvegi svo búast má við að umferð tefjist eitthvað meðan á framkvæmdum stendur.

Í erindi Vegagerðarinnar kemur fram að þar sem veglínan liggja um brattar brekkur, t.d. við Bratta, verði töluverðar vegskeringar efst í brekkunum og fyllingar neðst. Við Skeiðsöxl sé mikill hliðarhalli. Þar verði miklar vegskeringar því útbúa þurfi stall í fjallshlíðina til að koma veginum fyrir. Krappi beygja verði minnkaður til að bæta öryggi vegfarenda.

Í gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að vegurinn muni liggja um neðsta hluta votlendis í Voladal neðan Bratta. Áhrifin verði staðbundin þar sem um neðsta hluta votlendisins sé að ræða. Talið sé að samanlögð röskun á votlendi vegna framkvæmdarinnar sé 1,6 ha en Vegagerðin muni stuðla að endurheimt votlendis í stað þess sem raskast. Fram kemur að skammt austan Mánár sé mikið kríuvarp, en vegurinn hafi verið staðsettur með það fyrir augum að valda sem minnstri röskun á því. Engu að síður er talið hugsanlegt að framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla.

Fram kemur að 4 fornminjar lendi undir veginum. Þær eru: garðlag (SP-296:028), Merkjararður, heimild um landamerki (SP-296:009), Vörðuhólar, örnefni (SP-295:012) og tóft (NP-007:024). Þessar fornleifar munu hverfa og lenda undir fyllingu vegarins. Þær menningarminjar sem lendi undir veginum hafi verið rannsakaðar sumarið 2002 samkvæmt leiðbeiningum minjavarðar Norðurlands eystra. Áður en framkvæmdir hefjist muni Vegagerðin merkja allar fornleifar innan við 100 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðs vegar og ítreka við verktaka að varast allt rask í nágrenni þeirra. Þær eru allar utan þess svæðis sem raskað verður við framkvæmdirnar.

Áætluð efnisþörf í verkið er 507.000 m³. Áætlað er að nota efni í neðra burðarlag og fyllingar úr vegskeringum, samtals um 485.000 m³. Efni í klæðingu og efra burðarlag, samtals um 22.000 m³, verður tekið úr grjótnámu D, Hlíðarhornsnámu, í landi Mánár. Áður en efnistaka úr vegskeringum hefst, verður lífrænum jarðvegi sem finnst á svæðinu ýtt í haug og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur.

Tafla 1. Fyrirhuguð efnistaka.

	Klæðingar- efni magn í m ³	Efra Burðarlag magn í m ³	Neðra burðarlag magn í m ³	Fyllingar- efni magn í m ³	Samtals
skering A - Bratti			14.500	139.100	153.600
skering B – stöð 21500			43.500	6.500	50.000
skering C - Skeiðsöxl				70.800	70.800
aðrar skeringar				211.000	211.000
náma D – Grjótnáma við Máná	2.700	18.900			21.600
Samtals	2.700	18.900	58.000	427.400	507.000

Vegskering A í Bratta er í námu sem Vegagerðin hefur þegar hafið efnistöku í vegna framkvæmda á vegarkaflanum Hringver-Breiðavík. Bratti er hár stallur í landinu og nær efnistökusvæðið sem búið er að raska fast að núverandi vegi. Gera þarf efsta hlutann af stallinum flatari með skeringu til að koma veginum fyrir. Reiknað er með að taka 154.000 m³ af efni. Við efnistöku verður núverandi vegur fjarlægður á kafla. Við Bratta hefur landslagi þegar verið raskað töluvert með efnistöku. Náman við Bratta sem er opin er fast við veginn og blasir við vegfarendum.

Vegskering B, norðvestan við Mánársel. Bergskering í misgengisstall en einnig að hluta til í laust efni. Reiknað er með að taka 50.000 m³ af efni. Efnið verður notað í neðra burðarlag og fyllingar.

Vegskering C í Skeiðsöxl. Vegskering vegna mikils hliðarhalla á landinu. Gera þarf stall í fjallshlíðina til að koma veginum fyrir. Reiknað er með að taka tæpa 71.000 m³ af efni. Efnið verður notað sem fyllingarefni.

Náma D, Hlíðarhornsnáma, við Máná. Í grjótnámu við Máná sem opnuð var í tengslum við hafnargerð á Húsavík er töluvert af úrkastsgrjóti sem Vegagerðin hefur áætlanir um að mala og nota í efra burðarlag og klæðingu. Efnið sem fyrirhugað er að taka er frákast frá fyrri efnistöku sem hefur verið haugsett í námunni. Reiknað er með að um 22.000 m³ af efni verði unnir í námunni.

Frágangur að loknum framkvæmdum. Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi náma, vegkanta, fyllinga og vegskeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst í yfirborði náma og vegskeringa verður ýtt ofanaf til að geyma og jafna yfir svæðin að vinnslu lokinni sem efsta lag við frágang.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum sveitarstjórna Keldunes- og Tjörneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á framkvæmdasvæðinu og þau áhrif sem framkvæmdin muni hafa á fornleifarnar. Vegagerðin hafi þegar látið rannsaka þær fornleifar sem ekki verður komist hjá að raska vegna vegagerðarinnar og boðar í skýrslu sinni að fornleifar í nágrenni vegarins verði merktar og ítrekað við verkataka að varast allt rask í nágrenni þeirra.

Efnistaka. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vegna þess magns sem fyrirhugað er að taka úr skeringum er talið brýnt að vanda frágang skeringa og þess óskað að samráð verði haft við stofnunina um útlit þeirra og úttektir að framkvæmd lokinni. Umhverfisstofnun bendir á að þegar þessum framkvæmdum verður lokið á Tjörnesi geta að öllu óbreyttu liðið áratugir þar til frekari vegaf framkvæmdir verða á þessu svæði. Því beinir stofnunin þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að ganga sem snyrtilegast frá öllu raski utan fyrirhugaðs vegar. Er hér t.d. átt við búta af núverandi vegi sem ekki nýttast og gamlar námur sem eru á svæðinu. Umhverfisstofnun telur raunar tímabært að Vegagerðin marki sér stefnu hvað varðar eldri vegi sem látnir eru standa þegar nýir vegir eru lagðir.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að haft verði samráð við Umhverfisstofnun um útlit skeringa og úttektir að framkvæmd lokinni. Gengið verður frá öllu raski utan fyrirhugaðs vegar, gömlum námum og þeim bútum núverandi vegar sem landeigendur eru sáttir við að verði fjarlægðir.

Votlendi í Voladal. Umhverfisstofnun bendir á að hluta votlendisins hafi þegar verið raskað með núverandi vegi og framræsluskurðum, en stuðlað verði að endurheimt samsvarandi svæðis og þess sem nú verði raskað.

Fuglar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vegna kríuvarps austan Mánár og Mánárbakka sé talið æskilegt að framkvæmdir á því svæði hefjist utan varptíma kríunnar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdir í nágrenni kríuvarps austan Mánár og Mánárbakka muni ekki hefjast fyrr en eftir varptíma kríunnar fyrra árið en síðara framkvæmdarárið muni verða umferð eftir vegfyllingunni meðan á varptíma stendur.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu á 11,7 km kafla Norðausturvegar í þeim tilgangi að ljúka endurgerð vegar fyrir Tjörnes. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar á votlendi í Voladal verði óveruleg en hluta þess hefur þegar verið raskað með núverandi vegi auk þess sem um staðbundin áhrif verði að ræða þar sem vegarstæðið sé um neðsta hluta votlendisins. Stofnunin telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna verði vegna mikilla skeringa. Þrátt fyrir að fyrirhuguð efnistaka í skeringum verði talsverð og skeringar nái allt að 30 metra út fyrir vegsvæði fyrirhugaðs vegar þá séu þær að mati stofnunarinnar ekki líklegar til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum að því tilskildu að fylgt verði boðuðum aðgerðum við frágang og

uppgræðslu opinna sára. Þó megi búast við að ummerki rasksins verði áberandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Norðausturvegar milli Breiðuvíkur í Tjörneshreppi og Bangastaða í Kelduneshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Tjörneshrepps og Kelduneshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Aðalskipulag er ekki fyrir hendi í Tjörneshreppi og þarf sveitarstjórn Tjörneshrepps að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga.

Í Kelduneshreppi er unnt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli gildandi aðalskipulags.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. apríl 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit:

Umhverfisráðuneytið, Kelduneshreppur, Tjörneshreppur, Fornleifavernd ríksins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun.